



Fjölbautaskóli Suðurlands

RAFM3RF05

Rafmagnsfræði og mælingar

Námsáætlun – Vor 2023

Kennari: Sigurður Ágúst Pétursson

Skammstöfun: SÁP

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er fjallað um skipulag raforkukerfa, þ.e. framleiðslu, flutning og dreifingu og fjallað um uppbyggingu mismunandi raforkudreifikerfa m.a. með tilliti til öryggisráðstafana. Farið er í uppbyggingu helstu lágspennudreifikerfa hér á landi og gerð jafngildismynd af hverjum flokki. Farið er yfir vektormyndir lágspennudreifikerfa og merkingar slíkra kerfa samkvæmt stöðlum (CENELEC). Fjallað er um spennufall og aftap í lágspennudreifikerfum og helsta varnarbúnað og virkni hans. Einnig er fjallað um mismunandi álag í fjölfasakerfum, mikilvægi álagsjöfnunar og áhrif mismunandi álags í fjölfasa lágspennudreifikerfum. Þá er gerð grein fyrir áhrifum jarðskautsviðnáms og hringrásarviðnáms á bilunarstrauma í neysluveitum. Fjallað er lítillega um háspennukerfið og þeim öryggiskröfum sem þar gilda.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Framleiðslu, flutning og dreifingu á raforku í mismunandi þrífasa lágspennukerfum
- Varnar- og öryggisbúnaði í þessum kerfum
- Nauðsyn jarðtenginga og spennujöfnunar í veitukerfum
- Viðbrögðum við mismunandi á lagi í kerfunum
- Þekkja til háspennukerfisins

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Reikna strauma, spennur, afl og fasvik í mismunandi veitukerfum við mismunandi álag
- Teikna tengi- og vektoramyndir af mismunandi veitukerfum og á lagi þeirra
- Leysa flóknari verkefni með ójafnlægu álagi

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Leiðbeina um val á réttum búnað eftir aðstæðum í viðkomandi raforkukerfi
- Velja réttar lausnir við uppsetningu á mismunandi á lagi í mismunandi veitukerfum
- Skipuleggja aðgerðir við lausn á ójafnlægu á lagi og lægfæringum á fasviki álags

Námsefni:

Rafbók, ljósrit, efni af internetti o.fl.

Sérreglur áfangans:

Hvaða kröfur eru gerðar um árangur í prófum, verkefnaskil, skólasókn o.s.frv. sem ekki er kveðið sérstaklega á um í skólasóknarreglum.

Námsmat:

Matshlutar	Lýsing matshluta	Vægi
Lokapróf	Lokapróf í lok annar	60%
Verkefni/próf	Verkefnaskil og próf úr efni, kennari leggur fram.	40%
	Samtals:	100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 3. janúar 2023

Sigurður Águst Pétursson